

14. fundur í háskólaráði LbhÍ haldinn á Hvanneyri 9. maí 2007 kl. 10:30. Mættir: Ari Teitsson, Hákon Sigurgrímsson, Stefán Kalmansson, Haraldur Benediktsson, Emma Eyþórsdóttir, Jón Torfi Jónasson, Brynhildur Einarsdóttir, Vignir Siggeirsson, Ágúst Sigurðsson rektor og Þorvaldur T. Jónsson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar. Yfirfarin og samþykkt samhljóða.
2. Garðyrkjurannsóknir. Á fundinn kom Áslaug Helgadóttir deildarforseti auðlindadeildar LbhÍ og kynnti niðurstöður nefndar um stefnumótun í garðyrkjurannsóknum. Áslaug lýsti verklagi nefndarinnar þar sem fram kom m.a. að samráð var haft við hagsmunaaðila og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir við skýrsluna. Þá reifaði hún þau rannsóknaviðfangsefni sem nefndin leggur til að verði sett í forgang. Í umræðum komu fram ýmsar ábendingar um innihald skýrslunnar, m.a. að nauðsynlegt væri að taka einnig ákvarðanir varðandi praktíska þætti svo sem hvar aðstaða til garðyrkjurannsókna verði byggð upp í framtíðinni. Einnig að mikilvægt sé að rannsóknastarf fjalli einnig um og taki mið af hagfræðilegum og markaðslegum aðstæðum greinarinnar.
3. Umhverfisstefna LbhÍ. Stefnan var lögð fram til kynningar á síðasta fundi og komu fram nokkrar athugasemdir sem tekið hefur verið tillit til. Í umræðum var bent á tækifæri LbhÍ til að taka forystu í rannsóknum á þeim möguleikum og áhrifum sem felast í loftslagsbreytingum, fyrir landbúnaðinn og einstakar greinar hans, svo sem ferðaþjónustu og landnýtingu. Fram kom að umhverfisstefnan þyrfti að fléttast inn í rannsóknir og kennslu en ætti ekki að snúast einvörðungu um praktískan rekstur stofnunarinnar. Einnig kom fram að mikilvægt sé að LbhÍ hafi frumkvæði að umræðu um umhverfismál. Ráðið samþykkir stefnuna að teknu tilliti til athugasemda sem fram komu í umræðum.
4. Jafnréttisstefna. ÁS lagði fram drög að jafnréttisstefnu. Fram kom ábending um að í stað þess að nota hugtakið “fatlaðir” bæri að ræða um einstaklinga með sérþarfir. Jafnframt að rektor skuli skipa nefnd til að fjalla um jafnréttisstefnu og athugasemdir og tillögur um hana. Stefnan samþykkt með fyrirvara um áður nefndar ábendingar.
5. Þróun mála frá síðasta fundi. ÁS fór yfir ýmsa þætti í starfseminni. Fram kom m.a.:
 - Rannsóknastyrkir: Gengið hefur vel að afla fjármuna til rannsóknaverkefna, háskólaráð lýsir yfir ánægju með þá virkni sem þessi árangur lýsir.
 - Nýtt samstarf: LbhÍ hefur undirritað samstarfssamninga við Ohio State University um samstarf í rannsóknum, Háskólann á Hólum um sameiginlega námsbraut í hestafræði, Orkuveitu Reykjavíkur um rannsóknir,

nýsköpunarfyrirtækið Arkea um að þróa Tæknisetur Arkea á Reykjum og Landgræðslu Ríkisins um að stofnunin flytji Reykjavíkurstetur sitt í húsnæði LbhÍ á Keldnaholti.

- Gæðamál: LbhÍ sótti um viðurkenningu á fræðasviðum sínum í umhverfismálum sbr ákvæði nýrra háskólalaga, endanleg niðurstaða hefur ekki borist en umsögn er jákvæð.

- Aðstaða: Helstu breytingar og framfarir í viðhaldi fasteigna og aðstöðu.

6. Siðareglur og reglur um störf dómnefndar. Á fundinn kom Björn Þorsteinsson aðstoðarrektor kennslumála og kynnti siðareglur LbhÍ. Í umræðum kom m.a. fram að reglurnar virtust fyrst og fremst miðaðar við kennslustarf en tækju ekki nægilega mikið mið af fjölþættu og víðtæku starfi LbhÍ. Þá komu fram ýmsar athugasemdir við orðalag, og var því sérstaklega beint til BP að endurskoða orðalag fyrstu greinar og notkun hugtakanna “háskólasamfélag” og “háskólaborgari”. Háskólaráð samþykkir siðareglurnar með þeim fyrirvara að tekið verði tillit til athugasemda. Birni Þorsteinssyni falið að safna saman athugasemdum og vinna lokaútgáfu. Reglur um störf dómnefndar samþykktar án athugasemda.
7. Starfsmannastefna. ÁS lagði fram og kynnti drög að starfsmannastefnu. Ábendingar komu um að nauðsynlegt væri að yfirfara orðalag, sérstaklega notkun orðsins “skóli” í textanum. Háskólaráð samþykkti stefnuna með áðurgreindum fyrirvara um orðalag.
8. Þarfagreining. ÁS og ÞTJ kynntu niðurstöður þarfagreiningar sem unnin hefur verið um húsnæðismál og aðstöðu LbhÍ og lýstu jafnframt stöðu einstakra starfsstöðva. Fram kom að mikilvægt er að ákveða sem fyrst heildarstefnu varðandi framtíðaruppbyggingu stofnunarinnar og starfsstöðva hennar í samvinnu við stjórnvöld og að nú liggja fyrir allar þær upplýsingar sem eru nauðsynleg forsenda slíkrar ákvarðanatöku.
9. Önnur mál. ÁS gat þess að þetta væri síðasti fundur Hákonar Sigurgrímssonar í háskólaráði LbhÍ, flutti honum bestu þakkir frá LbhÍ fyrir heilladrjúg störf í þágu skólans og færði honum blómvönd.

Fleira ekki gert og fundi slitið.